

## Tegundir til sáningar í túnin

*Guðni Þorvaldsson, Guðmundur Helgi Gunnarsson og Margrét Ósk Ingjaldsdóttir*

Snemma í Íslandssögunni urðu til túnskikar í kringum bæina sem reynt var að friða fyrir beit og slá til vetrarfóðurs. Leifar af þessum gömlu túnum eru enn til víða um land en þetta eru jafnan litlir blettir og þeim fækkar óðum. Ýmist eru þeir plægðir upp eða týnast. Þessi gömlu tún voru vaxin gróðri sem hafði aðlagast íslensku tíðarfari í langan tíma. Þau þoldu því vel íslenska veðráttu og þá nýtingu sem þeim var boðið upp á. Af grastegundum í þessum túnum má nefna vallarsveifgras, túnvingul, snarrótarpunt, hálingresi, knjáliðagras og varpasveifgras. Þar mátti einnig finna ýmsa tvíkímblöðunga eins og túnfífil, skarífífil, brennisóley, túnsúru, hvítmára og vegarfa. Auk þess að heyja túnin var fóðurs aflað á engjum þar sem tegundasamsetning gat verið önnur.

Þó þessar tegundir henti vel íslenskum aðstæðum eru sumar þeirra uppskerulitlar eða slök fóðurgrös og er því ekki sáð í tún við endurræktun. Þau koma hins vegar inn með tímanum þegar sáðgresið lætur undan síga. Ekki þurfa öll tún að gefa hágæða fóður og þess vegna getur verið ágætt að eiga einhver slík tún sem þola mikið álag og mikla umferð. Þar sem erfitt er að plægja land eru innlendu grösin eðlilega oft ríkjandi.

Vallarfoxgras, vallarsveifgras, háliðagras og túnvingull voru lengi vel helstu tegundirnar í grasfræblöndum. Á seinni árum hafa ýmsar fleiri tegundir verið teknar í notkun. Hér á eftir verður sagt frá helstu tegundum sem vaxa í íslenskum túnum og tegundum sem til greina koma þegar velja skal sáðgresi:

### Grös

*Túnvingull* er harðgert gras og þolir þurrka betur en margar aðrar grastegundir. Hann gefur minni uppskeru en vallarfoxgras og fóðurgildi hans er lakara en margra annarra grasa. Þess vegna hefur hann ekki mikið verið notaður í tún seinni árin en hann kemur þó til greina í sendin tún sem verða fyrir miklu þurrkálagi.

*Vallarsveifgras* gefur ekki eins mikla uppskeru og vallarfoxgras en sprettur vel eftir slátt. Það þolir vel íslenskar aðstæður og er ágætt fóðurgras en þó ekki eins lystugt og vallarfoxgras fyrir mjólkurkúr. Það hefur neðanjarðarrenglur sem gera það að verkum að vallarsveifgras er gott viðgerðargras. Ef eyður koma í svörðinn er það fljótt að skriða í þær. Það er því gott að hafa það þar sem mikið er beitt.

*Hálingresi* er uppskerumikið og vetrarþolið gras sem einnig þolir vel beit og traðk. Fóðurgildi þess er lakara en bestu fóðurgrasanna. Það þolir súran jarðveg betur en flestar aðrar grastegundir. Seinni part sumars sækja á það sveppir sem gera það ólystugt. Þetta gras er mjög algengt í gömlum túnum á Suðurlandi og í útsveitum í öðrum landshlutum. Því er sjaldan sáð í tún hér á landi.

*Snarrótarpuntur* er uppskerumikið og mjög vetrarþolið gras. Það er hins vegar frekar lélegt fóðurgras. Það er algengt í túnum víða um land, einkum í dölum og innsveitum og kemur þar í túnin þegar sáðgresið vísur. Yfirleitt er því ekki sáð í tún nema við mjög erfiðar aðstæður.

*Vallarfoxgras* er vetrarþolið og gefur mikla uppskeru í fyrri slætti en gefur minni endurvöxt en margar aðrar tegundir. Þó eru komin á markað yrki sem gefa meiri endurvöxt en gömlu yrkin. Vallarfoxgrasið er einnig gott fóðurgras, lostætt og orkuríkt en getur verið með lágt Ca- og Mg-innihald. Það þolir hins

vegar illa að vera slegið snemma. Því fyrr sem það er slegið þeim mun skemur endist það. Eigi að tvíslá vallarfoxgras ætti að slá 1. slátt fyrir skrið þ.e. áður en vaxtarsprotinn byrjar að lyfta sér inni í blaðslíðrinu því þá heldur plantan áfram að vaxa strax eftir slátt og getur gefið góðan endurvöxt. Lágmarks stubblengd við slátt ætti að vera 6-7 cm. Það þarf frekar frjósaman og rakaheldinn jarðveg því það þolir illa þurrk.

*Háliðagras* er harðgert gras og uppskerumikið. Það byrjar vöxt snemma á vorin, sprettur vel eftir slátt og í hlýrri sveitum er jafnvel hægt að slá það þrisvar. Það sprettur hins vegar mjög fljótt úr sér og fódurgildið fellur hratt. Það er því nauðsynlegt að nýta það þannig að það spretti aldrei úr sér. Sé að því gætt getur það gefið ágætt fóður. Mörgum finnst það ekki bítast nógu vel. Þar sem háliðagras þrífst á annað borð getur það lifað áratugum saman við mikla nýtingu. Frærækt af háliðagrasi er erfið og óhagkvæm og því hefur verið lítið framboð af fræi og það er dýrt.

*Hávingull* gefur mikla uppskeru í fyrri slætti og góðan endurvöxt. Hann er ágætlega vetrarþolinn og þolir vel traðk og beit. Fódurgildi er einnig ágætt. Það hentar ágætlega að sá honum í blöndu með vallarfoxgrasi og e.t.v. vallarrýgresi. Hann er ekki eins sveillþolinn og vallarfoxgras.

*Axhnoðapuntur* minnir á háliðagras að því leyti að hann fer snemma af stað á vorin og sprettur vel eftir slátt. Hann má hins vegar ekki spretta um of áður en hann er sleginn. Hann er þurrkþolinn en fódurgildið ekki á við það sem best gerist. Vetrarþol er þokkalegt ef rétt yrki eru notuð. Honum getur verið hætt í vorfrostum þar sem hann byrjar mjög snemma að spretta.

*Stórvingull* hefur ekki mikið verið notaður hér á landi. Hann gefur ágæta uppskeru og endurvöxt. Hann er einnig mjög þurrkþolinn. Fódurgildið er heldur lakara en hjá bestu grösunum, sérstaklega ef hann er sleginn of seint. Hann hefur þokkalegt vetrarþol en það er ekki komin næg reynsla á það við okkar aðstæður. Hann er ekki mjög fljótur til eftir sáningu.

*Vallarrýgresi* (fjölært rýgresi) er mjög gott fóðurgras sem sprettur vel eftir slátt, en það má ekki láta það spretta mikið. Það þarf að slá það eða beita nokkuð þétt og það þolir mikla nýtingu. Það hefur hins vegar minna vetrarþol en önnur túngrös sem hér hafa verið nefnd. Það má allt eins líta á vallarrýgresi sem valkost á móti einæru rýgresi eins og valkost við fjölær grös. Þeir sem eru vanir að sá einæru rýgresi ættu því að velta þessum möguleika fyrir sér. Þó það lifi bara í tvö ár er samt ávinningur af því miðað við einært rýgresi. Oft lifir vallarrýgresi fyrsta veturinn.

Rajsvingel (*Festulolium braunii*) er blendingur á milli ítalsks rýgresis og annað hvort hávinguls eða stórvinguls. Hugmyndin með þessu er að sameina kosti beggja tegundanna. Yrki af þessari tegund væri hægt að nota í hlýrri sveitum landsins.

*Beringspuntur* er uppskerumikið og mjög vetrarþolið gras. Hann er nokkuð gott fóðurgras en lystugleiki virðist breytilegur eftir sláttutíma og verkun. Hann er seinn til eftir sáningu og rôtarkerfið er ekki djúpt. Hann dafnar ágætlega í sandi og mýrarjarðvegi en síður þar sem miklar frostlyftingar eru. Hann er ekki mikið notaður í tún hér á landi.

*Sandfax* er nokkuð uppskerumikið gras og þurrkþolið. Það er þokkalegt fóðurgras en seint til eftir sáningu. Það hefur mjög lítið verið notað hér á landi í tún en aðeins í uppgræðslu. Það kemur helst til greina á miklum þurrkasvæðum en við höfum úr betri grösunum að velja við flestar aðstæður.

## Smári

Rauðsmári og hvítsmári hafa mikið verið prófaðir í tilraunum hér á landi en smári hefur ekki verið mikið notaður hjá bændum. Notkun smárans hefur þó aukist seinni ár. Menn hafa verið hikandi við að prófa smárann og heldur viljað nota það sem þeir þekkja. Það er skiljanlegt en við höfum hvatt menn til að prófa hann þó í smáum stíl sé. Þeir geta t.d. sáð 1-2 kg/ha af rauðsmára og 1-2 kg/ha af hvítsmára með grasfræinu án þess að minnka grasfræið að ráði. Mistakist smitun smárans eða sáning verður þetta venjulegt tún með grasi. Takist hins vegar vel til þarf minni nituráburð á viðkomandi tún og smárinn bætir fóðrið. Ætli menn sér hins vegar að fá gott smáratún þarf hlutfall smárans að vera heldur meira en þetta. Hlutfall smárans má þó ekki vera of mikið því þá verður fóðrið mjög próteinríkt og lítið af auðleysanlegri orku til að fóðurverkun verði góð. Hafa þarf í huga að blöð smárans verða stökk við þurrkun og molna. Það má því ekki þurrka slíkt hey mjög mikið. Erlendis er hvítsmári frekar notaður í beitartún en rauðsmári til slægna. Hér hafa báðar tegundirnar gjarnan verið notaðar í tún og hlutfallið milli smárategundanna verið 1/3 hvítsmári og 2/3 rauðsmári. Hvítsmárinn hefur tilhneigingu til að auka hlutdeild sína fyrstu árin eftir sáningu. Báðar smárategundirnar geta bundið töluvert nitur (hér á landi hefur það mælst 60-90 kg N/ha í rauðsmára og 40-170 kg N/ha í hvítsmára). Smárinn gefur gott fóður með hátt hlutfall próteins og steinefna. Smárinn er ekki eins stöðugur í túnnum og grasið og hlutdeild hans getur sveiflast nokkuð.

Nauðsynlegt er að smita smárann með rötarnýðisbakteríum þegar honum er sáð í fyrsta sinn en þær fást hjá sömu aðilum og selja fræið. Gæta þarf þess að umbúðirnar séu lokaðar á milli þess sem tekið er úr þeim og best er að geyma þær í kælikáp. Algengt er að nota 10 g af bakteríublöndunni á móti hverju kg af fræi. Bakteríublandan er sett saman við smárafræið ásamt örlitlu af vatni eða mjólk og öllu hrært saman. Það er betra að nota mjólk því vatn berst mun hraðar inn í bakteríurnar og því meiri hætta á að frumur þeirra springi þegar vatn er notað. Ekki skal nota meiri vökva en svo að fræið verði vel rakt. Gott er að hræra þessu saman í fötu eða bala eftir því hversu mikið fræið er. Þegar búið er að hræra er beðið þar til blandan er orðin þurr þannig að fræið loði ekki saman. Fræið fer strax að taka upp vökvann og þornar því fljótt. Þegar smárafræið er orðið þurrt er því blandað saman við grasfræið og reynt að hafa sem stystan tíma frá smitun að sáningu, helst ekki meira en klukkutíma. Ef ekki er hægt að sá fræinu strax eftir smitun þarf að geyma það í kæli. Bakteríurnar þola sólarljós illa og því er betra að sá ekki í sólskini og eins mikilvægt að valta strax á eftir sáningu því völtun ýtir fræinu niður í moldina. Af sömu ástæðu er mikilvægt að poki með smiti sé ekki látinn standa úti í sól og ekki heldur smitað fræ. Ef fræi er blandað í áburð er mikilvægt að sá sem fyrst eftir blöndunina því áburðurinn dregur til sín vatn.

*Hvítsmári* er ágætlega vetrarþolinn en ekki uppskerumikill. Hann þolir vel slátt og beit. Hann dreifir sér með jarðrenglum þannig að hann getur aukið þekju sína næstu árin eftir sáningu.

*Rauðsmári* er ekki eins endingargóður og hvítsmári en hann gefur meiri uppskeru. Hann þolir beit ekki eins vel og hvítsmárinn en er þurrkþolnari. Hann dreifir sér ekki með renglum þannig að hlutdeild hans eykst ekki með tímanum eins og hlutur hvítsmárans. Í rauðsmára er kynhormón (Östrogen). Það er því ekki gott að gefa t.d. sauðfé rauðsmára í miklu magni það getur haft áhrif frá frjósemina.

## Blöndur eða hreinrækt

Með öllum grastegundum má sá smára eins og áður hefur verið lýst. Háliðagras og axhnoðapunktur henta hins vegar ekki í blöndum með öðrum grösum vegna þess hve hratt þær fara af stað á vorin og eftir slátt. Löng reynsla er komin á háliðagras en okkur vantar reynslu af axhnoðapunti hjá bændum. Það er spurning hvort þessi mikla vaxtargeta hans getur t.d. nýst sauðfjárþændum.

Til að fá hágæða fóður er t.d. hægt að sá blöndu af vallarfoxgrasi og hávingli þar sem hlutur vallarfoxgrass væri nokkru meiri. Hugsanlegt er að hafa 10% af rýgresi með í blöndunni og smára að auki. Hágæða fóður fengist einnig af rýgresi með smára. Þar sem tún eru mikið beitt af sauðfé er gott að hafa vallarsveifgras með einnig.

Í tveimur töflum hér fyrir neðan eru upplýsingar um hæfilegt sáðmagn fyrir einstakar tegundir og upplýsingar um eiginleika tegundanna.

Mörg yrki hafa verið prófuð af hverri tegund. Árlega er gefinn út listi yfir þau yrki sem mælt er með og nefnist hann Nytjaplöntur á Íslandi. Hann er m.a. aðgengilegur á heimasíðu Landbúnaðarháskólans. Fræinnflytjendur reyna að vera með yrki sem mælt er með þar.

### Hæfilegt sáðmagn nokkurra grastegunda kg/ha miðað við hreinrækt.

---

Axhnoðapunktur	25-30	Stórvingull	25-30
Beringspunktur	15-20	Strandreyr	25-30
Háliðagras	25-30	Túnvingull	25-30
Hálíngresi	10-15	Vallarfoxgras	20-25
Hávingull	25-30	Vallarrýgresi	25-35
Sandfax	35-40	Vallarsveifgras	20-25
Snarrótarpunktur	15-20	Rauðsmári	12-14
Rajsvingel	25-30	Hvítsmári	7-9

---

**Einkunn nokkurra gras- og smárattegunda fyrir ýmsa eiginleika frá 1-5 (einkunnin 5 er best).**

---

Tegund	Uppskeyra	Endurvöxtur	Fóðurgæði	Vetrarþol	Sláttuþol	Beitarþol	Þurrkþol	Samkeppni
Axhnoðapunktur	4	5	3	2	5	3	5	5
Beringspunktur	4	2	3	5	3	2	4	2
Háliðagras	4	5	3	4	4	5	3	5
Hálíngresi	3	3	3	4	3	5	4	4
Hávingull	4	4	4	3	4	4	3	4
Sandfax	4	3	3	2	3	3	5	4
Snarrótarpunktur	3	3	1	5	3	4	4	4
Stórvingull	4	4	3	3	4	5	5	3
Strandreyr	5	2	1	2	1	1	4	4
Túnvingull	2	3	2	4	4	5	5	2
Vallarfoxgras	4	1	5	4	2	2	1	3
Vallarrýgresi	5	5	5	1	5	5	2	5
Vallarsveifgras	3	4	4	4	5	5	3	3
Hvítsmári	1	4	5	3	4	5	3	4
Rauðsmári	3	3	5	2	3	2	4	4